

# ÁRSSKÝRSLA URRIDABÓLS



vegna skólaársins 2022 – 2023

*Júní 2023*  
*Ragnheiður Gunnarsdóttir*  
*Starfandi leikskólastjóri*

## EFNISYFIRLIT

<b>ÚRDRÁTTUR</b> .....	2
<b>INNGANGUR</b> .....	3
<b>INNRA STARF</b> .....	3
EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR .....	3
LÆSI .....	3
LUBBI FINNUR MÁLBEIN .....	3
VINÁTTUVERKEFNI BARNAHEILLA .....	3
FÆRSLA BARNNA Á MILLI DEILDA .....	4
KARELLEN .....	4
SAMSTARF Á MILLI DEILDA .....	4
VIÐBURÐIR OG FERÐIR .....	4
<b>MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS</b> .....	4
MENNTUN OG FJÖLDI .....	4
STARFSÞRÓUN .....	5
<b>BARNAHÓPURINN</b> .....	5
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR .....	5
STOÐÞJÓNUSTA .....	6
<b>FORELDRASAMSTARF</b> .....	6
SAMTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR .....	6
KANNANIR - SKOÐA BETUR - NIÐURSTÖÐUR SKÓLAPÚLS .....	6
FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ .....	7
<b>ÖRYGGISMÁL</b> .....	9
SLYSASKRÁNING .....	9
EFTIRLIT .....	9
HÚSNÆÐI OG VIÐHALD .....	9
<b>LOKAORÐ</b> .....	10

## ÚRDRÁTTUR

Einkunnarorð leikskólans eru *Heilbrigð sál í hraustum líkama* sem endurspeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru umhverfi, sköpun, hreyfing og lífsleikni sem er rauður þráður í starfinu okkar alla daga, ásamt frjálsa leiknum því leikurinn er undirstaða alls náms í leikskóla og fær hann mikið vægi í skólanum.

Fyrsti vetur leikskólans fór að mestu leiti í að kynnast og bjóða velkomin þau börn sem sækja skólann. Húsnæði skólans er nýtt og hafa rými verið aðlöguð eftir aldri og þörfum barnanna.

Í vetur var lagt upp með að vinna markvisst með verkefnið, *Lubbi finnur málbein* ásamt því að vinna með læsi í gegnum, sögur, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Einnig var unnið með vináttuverkefni Barnaheilla, *Blæ* sem leggur áherslu á vináttuna, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.

## INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera rekstraraðilum og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu leikskólans ár hvert. Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 2022 til 2023 og byggir að miklu leyti á starfsáætlun skólaársins, endurmati starfsmannahópsins og starfsmannasamtölum sem tekin voru í vor, upplýsingum og úrvinnslu starfsmannakönnunar sem var á vegum Skólapúlsins í vor.

## INNRA STARF

Innra starf leikskólans er í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Helstu þættir sem unnið er með, eru settir upp innan námssviða leikskóla og tengdir fjölgreindum.

Umfjöllun um innra starf er tengd við starfsáætlun Urriðabóls fyrir skólaárið. Þar er meðal annars stuðst við endurmat frá starfsfólki, sem framkvæmt verður á sameiginlegum starfsmannafundum fyrir haustönn og vorönn.

## EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR

Einkunnarorð leikskólans eru: Heilbrigð sál í hraustum líkama sem eiga að endurspeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru, umhverfi, sköpun, hreyfing og lífsleikni, sem er rauður þráður í starfinu okkar alla daga ásamt frjálsa leiknum, sem er mikilvægasta námsleið barnanna.



## LÆSI

Börnin fá reglulegar sögustundir. Vettvangsferðir voru notaðar í vinnu með læsi þar sem börnin skapa verk út frá sinni upplifun.



## LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Á öllum deildum er unnið með málörvunarverkefnið, Lubbi finnur málbein, sem er verkefni þar sem verið er að leggja inn hljóð bókstafanna. Farið er í markvissar Lubbastundir þar sem hljóð og stafir eru kynnt í leikjaformi. Mikið er leikið með stafi og hljóð í fjölbreyttum aðstæðum, eins og t.d. við matarborðið, í fataherbergi, í samverustundum og frjálsum leik.

## VINÁTTUVERKEFNI BARNAEILLA

Unnið er markvisst með vináttuverkefnið á öllum deildum leikskólans á mismunandi hátt eftir aldri barnanna. Börnin fara í vinastundir í hverri viku í minni hópum þar sem unnið er með verkefnið og vinátta, vinsemd og virðing eru rædd. Öll börn í leikskólanum eiga vinabangsa og eru þeir alltaf aðgengilegir. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi með því að

vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytileika í nemendahópnum.

## FÆRSLA BARNA Á MILLI DEILDA

Flutningar á milli deilda fer fram í ágúst þar sem börn sem færast á milli skóla gerir okkur fært að taka inn börn sem eru á biðlista. Í ágúst byrjum við að taka inn börnin sem eru fædd 2021 þegar það losna pláss hjá okkur. Leikskólinn er sex deilda skóli með aldurskiptar deildar, börn fædd 2020 og 2021 og flytjast börn á milli deilda eftir því hversu mörg pláss losna á deild barnanna. Nú í sumar eru að losna 16 pláss fyrir börn fædd árið 2021. Flutningur á milli deilda fer eftir því hvernig raðast inn í skólann hverju sinni og fer það eftir kennitölu barnanna á hvaða deild þau fara.

## KARELLEN



Við vinnum með samskipta- og skráningarkerfið Karellen, sem er vefkerfi og er hannað fyrir snjall tæki. Það er enn í þróun og alltaf verið að bæta það til að auðvelda starfsfólki leikskóla að vinna með það í framtíðinni. Í kerfinu gefst foreldrum kostur á að skrá barn í fjarveru eða senda skilaboð á deild barnsins. Kerfið heldur einnig utan um myndir af börnunum sem foreldrar geta hlaðið niður sér til eignar.

## SAMSTARF Á MILLI DEILDA

Mikilvægt er að horfa á leikskólann sem eitt hús, einn vinnustað þar sem starfsfólk hjálpast að og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Náðum nokkrum góðum fundum fyrir áramót þar sem við skoðuðum hvernig við viljum sjá vinnuna á milli deilda til að skerpa á sameiginlegum markmiðum okkar og sýn á starfið.

## VIÐBURÐIR OG FERÐIR

Við sköpum hefðir og hátíðir og gátum komið á viðburðum yfir árið t.d. Ömmu og mömmudagur afa og pabbadagur þar sem við bjóðum í kaffi og kleinur á konudaginn og bóndadaginn. Mikil gleði öskudaginn sem var búningadagur og sameiginlegt ball í sal skólans.



## MENNTUN OG FJÖLDI

Í skólanum starfa 22 starfsmenn í 19,35 stöðugildum.

Starfsfólkið skiptist þannig:

- 7 leikskólakennarar
- 4 með háskólamenntun 3 í hlutastarfi
- 9 leiðbeinendur II
- 1 matráður, 1 aðstoð í eldhúsi

Starfsfólk er fjölbreytt og margvíslega menning er í skólanum. Mannauður skólans er mikill með báðum kynjum og fjölbreyttum hópi fólks.

Það sem leikskólinn er nýr hafa mannabreytingar verið þó nokkrar. Það tekur tíma að búa til leikskóla, skapa nýjar hefðir og menningu og er þetta því sífellt í þróun og endurskoðun.

## STARFSÞRÓUN

Skyndihjálparnámskeið er á dagskrá á haustönn ásamt námskeiði í er snertir mannauð.

## BARNAHÓPURINN

### TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Leikskólinn Urriðaból tók til starfa 26.september 2022. Fyrst um sinn voru opnaðar fjórar deildar, fyrir börn fædd 2020 og 2021 og eru börnin 61 talsins. Í ágúst / september 2023 er stefnt að því að opna tvær deildar til viðbótar og telst skólinn þá fullnýttur eða með 96 börn. 1.júní 2023 voru 61 börn, 24 stúlkur og 37 drengir.

- Alls voru 50 börn fædd árið 2020.
- Alls voru 11 börn fædd árið 2021.

Barnafjöldinn skiptist á 4 deildar sem eru aldurskiptar.

- 16 börn á Kríubóli - fædd 2020
- 16 börn á Þrastabóli – fædd 2020
- 16 börn á Lóubóli – 10 fædd 2020 – 6 fædd 2021
- 16 börn á Spóabóli – 10 fædd 2020 – 6 fædd 2021



## STOÐÞJÓNUSTA

Vegna ungs aldurs barna í skólanum er ekkert barn sem þarf sérstakan stuðning, þetta má rekja til þess að greiningar á sérþörfum ná ekki til svo ungra barna. Ekkert barn er með sértæka fötlun sem krefst stoðþjónustu.

Túlkþjónusta er notuð eftir þörfum.

## FORELDRASAMSTARF

Samskipti við foreldra einkennist af daglegum samskiptum í fataklefa og/eða við deildir skólans í upphafi og/eða enda dags. Lagt er upp með að upplýsa foreldra með því að senda vikupósta frá hverri deild þar sem kemur fram hvað er gert í vikunni og hvað er fram undan.

Foreldrasamtöl fóru fram í mars / apríl mánuði í gegnum Teams.

## SAMTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Foreldraviðtöl eru tvö á ári. Í fyrra samtalinu gefst foreldrum tækifæri til að ræða líðan barns á nýrri deild ásamt öðrum málum sem þeim liggur á hjarta. Í seinna samtalinu er farið yfir stöðu barnsins í leik og námi ásamt öðru sem liggur fyrir á þeim tíma.

Viðburðir á skólaárinu:

- Foreldrafundur verður haldinn eins og tíðkast hefur í september.
- Að bjóða foreldum í aðventukaffi í desember.
- Að bjóða feðrum/öfum í heimsókn á Bóndadegi og mæðrum/ömmum í heimsókn á Góu, tengt Konudeginum. Öllum gestum er boðið upp á kaffi og kleinur.
- Foreldrafélagið bauð í sveitaferð í maí, farið var í heimsókn á Hraðastaði.
- Vorhátíð skólans er haldin 9.júní 2023

Starfsfólk er duglegt við að hengja verk barnanna á vegg og út í glugga á deildum til að sýna afrakstur starfsins til foreldra.

## KANNANIR - SKOÐA BETUR - NIÐURSTÖÐUR SKÓLAPÚLS

Stjórnendum er skylt að framkvæma Áhættumat reglulega samkvæmt vinnuverndarlögum (nr.46/1980). Er það liður í því að tryggja starfsfólki öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður. Á vorönn var Áhættumat leikskólans útfært og lögð var könnun fyrir starfsmenn tengda vinnuaðstæðum og félagslegum þætti í starfinu, ábyrgðarmenn hennar voru öryggisvörður og öryggisfulltrúi skólans. Þar voru nokkrir þættir sem betur máttu fara.

Á sama tíma urðu nokkrar breytingar í starfsmannahópnum og stjórnunarteymi skólans.

Ytra mat Skólaplúsinn starfsmannakönnun allra leikskóla Garðabæjar 2023

Skólaplúsinn sá um framkvæmd á starfsmannakönnun á vorönn.

Svar hlutfallið var 46% - sem ekki telst marktækt vegna þátttökuleysis.



Í þessari könnun er verið að skoða starfið, vinnustaðinn, stjórnun, símenntun og spurningar er varða starfsmennina sjálfa og þeirra vinnu. Allir starfsmenn leikskólans eru hvattir til að taka þátt í þessari könnun. Könnunin var ekki talin marktæk þar sem skilningsleysi starfsmanna á spurningum, sem rekja má til tungumálaörðuleika, gerði fólki erfitt fyrir.

Könnuninni var skipt niður í 6 hluta:

Í fyrsta hlutanum var farið yfir starfið á leikskólanum með tilliti til vinnuálags, hlutverk og áskorananna í starfi.

Í öðrum hluta könnunarinnar var farið yfir starfsmanninn sjálfan, leikni í starfi, skuldbindingu til vinnustaðarins og skörun vinnu og einkalífs.

Þriðji þáttur sneri að vinnustaðnum sjálfum og hvernig starfsandi væri á Urriðabóli, vinnuaðstaðan, stuðningur frá samstarfsfólki, einelti og fleira.

Í kjölfar könnunar Vinnueftirlitsins fóru starfsmenn í vinnu við gerð eftirfarandi áætlana:

- Aðgerðaráætlun vegna eineltis starfsmanns
- Stefnu og viðbragðsáætlun
- Skráning og aðgerðaráætlun

Á starfsmannafundi var farið yfir eineltisáætlun skólans og hversu mikilvægt það er að koma þessum upplýsingum á framfæri til t.d. stjórnenda, starfsmanna Skóla ehf. eða Vinnueftirlitsins svo það sé hægt að hefja viðeigandi vinnu sem fyrst.

Stjórnun var fjórði þáttur könnunarinnar. Þar var verið að beina spurningum að deildarstjórum og skólastjórnendum.

Næst síðasti þáttur könnunarinnar var uppeldi og menntun og er þar verið að fara yfir trú á eigin getu við uppeldi og menntun innan leikskólans, samstarf í leikskólanum, virkar samræður um starfið, virkni foreldra í leikskólastarfinu, aðgengi að utanaðkomandi sérfræðingum, ánægju með stuðning við börn með sérþarfir og upplýsingar/stuðning við börn með sérþarfir.

Síðasti hluti könnunarinnar sneri að símenntun og undirbúningstíma starfsfólks á leikskólanum. Þá er verið að skoða möguleika starfsfólks til símenntunnar, hvort og hverjar hindranir starfsfólks eru tengdar símenntun. Eins er farið yfir hvort starfsfólk eigi rétt á undirbúningstíma og hvort það telji sig hafa nægan undirbúningstíma.

Miklar vonir eru bundnar við að næsta könnun skili betri marktækni og skili okkur vísbendingum um líðan og ánægju starfsfólks við skólann.

## FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ

Við skólann er starfrækt öflugt foreldrafélag og foreldraráð sem er góður stuðningur við allt starf skólans og venjan er að kosið er í þau á foreldrafundi að hausti. Tengiliður skólans við



foreldraráð og foreldrafélag er leikskólastjórinn og hafa verið haldnir fundir eftir þörfum á skólaárinu sem er að líða.

Foreldrafélagið býður upp á ýmsa viðburði á. Sumarhátíð er haldin með fjölskyldum þetta árið og býður foreldrafélagið upp á tvo hoppukastala ásamt því að boðið verður upp á ís og blöðrusnilling sem býr til hluti úr blöðrunum fyrir börnin, starfsmenn sjá um andlitsmálningu fyrir þau sem vilja. Í skoðun er að foreldrafélagið bjóði upp á jólasveina á næsta jólaballi.

## ÖRYGGISMÁL

Mikilvægt er að huga vel að öllum öryggismálum í leikskólanum þar sem leikskólinn er nýr ættu öll öryggismál að vera í lagi. Þessi mál eru sífellt í skoðun og komi upp að eitthvað þurfi að laga, er brugðist við því eftir þörfum.

## SLYSASKRÁNING

Alls var skráð 1 slys á árinu hjá börnum. Tvö börn skullu saman og við það viðbeinsbrotnaði annað barnið.

## EFTIRLIT

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kemur í skólann á haustmánuðum með fræðslu fyrir börn leikskólans.

- Elstu börn munu sinna eldvarnareftirliti í leikskólanum ásamt kennara einu sinni í mánuði.
- Garðurinn er genginn að morgni til að kanna aðstæður áður en börn fara út og skiptist sú ábyrgð á milli deilda.

## HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Urriðaból er í nýju húsnæði og tók leikskólinn til starfa í september 2022. Öll tilskyld leyfi eru til staðar og ættu öryggismál, viðhaldsmál og önnur húsnæðismál að vera í góðu lagi.

## LOKAORÐ

Leikskólinn tók til starfa 26.september 2022 en mikil áskorun reyndist að opna leikskólann með starfsfólk sem hentar fyrir þann aldur barna sem skólinn er með. Við teljum að vel hafi tekist til í vali á starfsfólki og hefur skólinn dafnað á sínu fyrsta ári. Hefðir, starfsmenning og framsetning á áætlunum, skipulagi og starfsháttum hefur farið vel af stað og erum við stolt af þeirri stöðu sem við erum með í lok starfsárs.

Við munum halda áfram að vinna að góðu foreldrasamstarfi ásamt því að byggja upp leikskólastarf sem bæði foreldrar og starfsfólk getur verið stolt af á sama tíma og einkunnarorð leikskólans, *Heilbrigð sál í hraustum líkama* eru höfð að leiðarljósi.

Við horfum björtum augum fram á veginn með starfsmannahóp sem er samheldinn og samstíga. Við fáum oft að heyra að það sé góður andi í húsinu, en á sama tíma gerum við okkur grein fyrir að það er ekki sjálfgefið, við verðum að vinna í því að skapa góðan vinnuanda.

Með metnaði, jákvæðni og gleði stefnum við að því að verða framúrskarandi leikskóli og fyrirmynd fyrir aðra sem vinna með börnum.



*Ábyrgð  
Júní 2023  
Ragnheiður Gunnarsdóttir  
Leikskólastjóri*